



Hollendingar í heimsókn

Eins og nemendur FG tóku kannski eftir í vikunni sem var að líða, voru nemendur frá Amsterdam í Hollandi í heimsókn. Þetta er liður í samskiptum FG við framhaldsskóla í Amsterdam. HG-hópurinn fór til Hollands síðastliðið vor og nú komu nemar frá Hollandi til okkar. Hollendingarnir skoðuðu ekki aðeins FG og fóru í myndlistartíma(mynd), íslenskutíma og leiklistartíma heldur skoðuðu þeir einnig landið.

Veðrið hefur leikið við hópinn, enda viljum við að þeir fari með flottar myndir í myndavélunum sínum og sínum, heim til Hollands.




Brotthvarfsverkefni

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er nú þátttakandi í sérstöku brotthvarfsverkefni á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Gerð er könnun meðal nýnema og reynt að finna hverjir eru í mestri brottfallshættu og rætt við þá.

Könnunin er lögð fyrir nemendur á skólatíma í samvinnu við stjórnendur skólans að fengnu samþykki foreldra/forráðamanna og nemenda. Í könnuninni er m.a. spurt um viðhorf nemenda til námsumhverfis síns, afstöðu til náms og skóla, stuðning kennara, foreldra og fleira. Markmiðið með þessari rannsókn er að kanna hvernig skólinn getur betur stutt við nemendur til þess að ná settu marki.

Miðannarmat

Nú er miðannarmat komið í INNU og má sjá það á nemendavef INNU. Miðannarmatið er fyrst og fremst hugsað sem skilaboð til nemenda um hver staða þeirra er í námi á þessari stundu. Ef niðurstaðan er ekki nægjanlega góð er enn hægt að slá í klárinn og reyna að vinna upp gamlar syndir. Við hvetjum foreldra til að skoða niðurstöðurnar með unga fólkinu og hvetja það til dáða. Foreldrar hafa sjálfstæðan aðgang að INNU og geta látið senda sér lykilorð í netpósti ef þeir hafa gleymt eða týnt lykilorðinu.



Fjörugur opinn fundur

Opinn fundur með nemendum, stjórnendum FG og fulltrúum nemenda var haldinn í Urðarbrunni miðvikudaginn 16.10. Á opnum fundi gefst tækifæri til þess að ræða skólamálin á opinn og hispurlausan hátt, sem er bráðnauðsynlegt. Enda gerðu nemendur það að loknum hefðbundum kynningum.

Ýmis mál voru rædd: hin sögulega busavígsla haustsins, hraðbankamál, hinar nýju Smiðjur, mæting og fjarvistaskráning, svo dæmi séu tekin. Fundurinn var líflegur og bárust fjölmargar spurningar frá nemendum. Það er gott. FG er ekki fullkominn skóli frekar en hver annar, en saman getum við gert hann enn betri! Fundargerð fundarins má sjá [hér](#).



Próftaflan

Próftaflan er komin á vef skólans. Hana má nálgast [hér](#).